

Ed.

637. Frumvarp til laga

[295. mál]

um breytingu á lögum um Háskóla Íslands nr. 84/1970, sbr. l. nr. 7/1971, 67/1972, 88/1973, 3/1975 og 45/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Upphaf 2. gr., 6. mgr. orðist svo:

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli.

3. gr.

3. gr., 1. mgr. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað, og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

4. gr.

4. gr., 1. mgr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

5. gr.

5. gr., 1. mgr. orðist svo:

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

6. gr.

Í 7. gr., 1. mgr. eru felld niður orðin:

„en starfslíð við stjórnun deilda ræður háskólaritari, eftir því sem fjárveitingar leyfa.“

7. gr.

10. gr., 1. mgr. orðist svo:

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ. á m. erlendir lektorar, aðjúntar og stundakennarar.

8. gr.

10. gr., 5. mgr. orðist svo:

Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur háskólakennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast, sbr. nánar í 1. mgr. 18. gr.

9. gr.

10. gr., 7. mgr. orðist svo:

Í reglugerð má mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

10. gr.

11. gr. 1. mgr. breytist þannig, að í stað orðanna „erlenda sendikennara“ komi: erlenda lektora.

11. gr.

13. gr., 2. mgr. breytist þannig, að brott falli sá hluti, er hefst á orðunum: „Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta...“ og lýkur með orðunum: „...hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö.“

12. gr.

14. gr., 1. mgr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 10. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrjú fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúntar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétti.

13. gr.

Aftan við 1. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt. Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

14. gr.

Í lok 4. mgr. 14. gr., er verður 5. mgr. 14. gr., komi nýr málsliður, svohljóðandi:

Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál, er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

15. gr.

16. gr. orðist svo:

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskra fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautarmála og félagsmálum stúdenta.

Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafn- margir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um til- lögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um náms- skipan og kennslufyrirkomulag greinar.

16. gr.

17. gr. orðist svo:

Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskól- ans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

17. gr.

19. gr., 1. mgr. i.f. breytist þannig, að orðin „og menntamálaráðherra“ falli niður.

18. gr.

19. gr., 2. mgr. falli niður.

19. gr.

21. gr., 1. mgr. orðist svo:

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að vera skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald.

20. gr.

21. gr., 3. mgr. síðari másl. orðist svo:

Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu ein- staklinga er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

21. gr.

21. gr., 7. mgr. orðist svo:

Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

22. gr.

24. gr. orðist svo:

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um til- tekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar fram- kvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

23. gr.

25. gr. orðist svo:

Hljóti stúdent dóm fyrri refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 24. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn á slíku máli stendur yfir.

24. gr.

26. gr. orðist svo:

Afskipti háskólans af háskólastúdent hættu, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstíll er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

25. gr.

29. gr., 2. mgr. orðist svo:

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

26. gr.

Lokamálsliður 31. gr. orðist svo:

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

27. gr.

Í 36. gr., 1. mgr. falli niður orðin „happdrætti og.“

28. gr.

Aftan við 1. mgr. 36. gr. komi ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi: Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.

29. gr.

36. gr., 2. mgr., er verður 36. gr., 3. mgr., orðist svo:

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

30. gr.

37. gr., 1. og 3.—5. mgr. falli brott.

31. gr.

Í 38. gr., 2. mgr., falli niður setningin „Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala.“

32. gr.

38. gr., 3. og 4. mgr. falli brott.

33. gr.

39. gr. falli brott.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal þá fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi háskólaráðs 28. október 1976 var kjörinn 7 manna nefnd til þess að endurskoða og samræma innbyrðis reglugerð fyrir Háskóla Íslands svo og til þess að gera tillögur til reglugerðarbreytinga vegna setningar laga nr. 45/1976. Með bréfi háskólarektors, dagsettu 8. desember 1976, var Jónatan Þórmundsson, prófessor, skipaður formaður nefndarinnar eftir tilnefningu forseta lagadeildar. Í nefndinni áttu sæti auk formanns: Erla Elíasdóttir, aðstoðarháskólaritari, Halldór Guðjónsson, kennslustjóri, Jóhannes L. L. Helgason, hrl., Sigríður Thorlacius, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, Stefán Sörensson, háskólaritari, og Þorsteinn Magnússon, þjóðfélagsfræðinemi.

Við endurskoðun reglugerðarinnar kom fljótt í ljós, að óhjákvæmilegt yrði að gera breytingar á lögum um Háskóla Íslands nr. 84/1970 með áorðnum breytingum. Að öðrum kosti yrðu óframkvæmanlegar margar nauðsynlegar eða æskilegar breytingar á reglugerðinni. Nefndin samdi því jöfnum höndum tillögur til breytinga á lögum og reglugerð. Jafnframt var tækifærið notað til þess að nema brott úr lögum nokkur úrelt ákvæði.

Í háskólaráði og menntamálaráðuneyti voru gerðar nokkrar breytingar og viðbætur við tillögur nefndarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða, heldur er vikið við orðalagi í síðari hluta greinarinnar.

Um 2. gr.

Bætt er við orðunum „og reglugerðum“ til þess af taka af öll tvímæli. Hugtakið lög í þessu ákvæði hefur í framkvæmd verið skilið í rýmri merkingu þess, og er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér skýrari reglur en nú gilda um kjörgengi og kosningarétt við rektorskjör. Nokkur óvissa hefur ríkt um réttarstöðu settra starfsmanna. Áskilnaður um skipaðan prófessor í starfi er gerður til þess að útiloka þá, sem gegna fullu starfi utan háskólans og eru í leyfi að nokkru leyti eða öllu frá starfi sínu við háskólann. Þá er sett nýtt ákvæði um atkvæðisrétt starfsmanna í orlofi. Sé maður settur í stað hins skipaða, fer hann með atkvæðisrétt hins skipaða. Endranær heldur hinn skipaði starfsmaður rétti sínum, t. d. meðan hann er í rannsóknarorlofi.

Um 4. gr.

Felldur er brott sá hluti ákvæðisins, er lýtur að kjöri fulltrúa stúdenta og Félags háskólakennara fyrst eftir að þeim var fjölgað, en jafnframt er ákvæðið orðað á þann veg, að sama tilhögun verði áfram á kjöri þessara fulltrúa.

Um 5. gr.

Sú breyting er hér gerð, að í stað eins þriðja hluta prófessora kemur einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans. Rétt þykir, að rektor eigi ákvörðun um fulltrúafjölda fundarbeiðenda.

Um 6. gr.

Ákvæði þessu er breytt til samræmis við þá venju, sem myndast hefur, að menntamálaráðherra skipi eða ráði starfslið við stjórnun deilda eins og annað starfslið.

Um 7. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til, að erlendir sendikennarar öðlist réttarstöðu lektora, og þykir rétt að nefna þá í ákvæðinu til áréttingar. Ráðning þeirra er þó með öðrum hætti, sbr. 1. mgr., 11. gr. háskólalaga.

Um 8. gr.

Ástæðulaust þykir að setja ákvæði í reglugerð um starfsskyldur kennara. Í kjarasamningum er nú gert ráð fyrir, að háskólaráð setji slíkar reglur innan ramma kjarasamnings.

Um 9. gr.

Engin ákvæði eru nú í reglugerð um slík starfsheiti, og virðist ekki knýjandi þörf fyrir þau. Er þessu ákvæði laganna því breytt í heimildarákvæði.

Um 10. gr.

Um þessa tillögu má vísa til þess, er sagði um 6. gr.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu hafa jafnt settir kennarar sem skipaðir í fullu starfi seturétt á deildarfundum með fullum réttindum og skyldum. Þá er deildum heimilað að veita dósentum og lektorum í hlutastarfi svo og aðjúntum seturétt með fullum réttindum og skyldum. Er ætlast til, að seturéttur og atkvæðisréttur fylgist að. Réttinn má veita ákveðnum flokki eða flokkum kennara, en ekki tilteknum einstaklingum innan slíks flokks, t. d. sumum aðjúntum, en ekki öðrum. Skýr lagaákvæði hefur skort um þetta atriði, og framkvæmdin hefur verið nokkuð á reiki.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, er varðar rétt og skyldu kennara í orlofi til þess að sækja deildarfundi. Hefur talsverð óvissa verið um ýmis atriði þar að lútandi. Annars vegar er fjallað um leyfi, sem menntamálaráðherra veitir. Aðalreglan er þá sú, að kennara er óskýlt, en heimilt að sækja fundi. Geri hann það, á hann ekki atkvæðisrétt, heldur fer sá með réttinn, sem settur er í hans stað. Ráðherra er þó heimilt að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að réttindi og skyldur til stjórnunarstarfa haldist. Hefur reyndar borið við í framkvæmd, að þessi leið sé farin. Hins vegar er lagt til, að kennari með rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi eigi rétt til setu á fundum með fullum réttindum, ef hann æskir þess. Í slíkum tilvikum kemur að jafnaði enginn í hans stað á fundum, þar sem kennsla er oftast í höndum stundakennara. Er óeðlilegt, að kennari, sem um skamman tíma helgar sig einum þætti starfsins, eigi þess ekki kost að hafa áhrif á langtímaákvæðanir varðandi kennslugreinar sínar, reglugerðarákvæði eða önnur mikilsverð atriði, er deild hans varða.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að taka af öll tvímæli um valdmörk deildarfunda og deildarráðs.

Um 15. gr.

Í stað „lestrar- og kennsluáætlun“ í gildandi ákvæðum kemur „kennsluskrá“ og er kveðið nokkru nánar á en áður hvað í henni skuli vera.

Við er bætt ákvæði um ráðgefandi námsnefndir í deildum og námsbrautum. Hafa slíkar námsnefndir starfað um skeið í einstökum deildum og reynst vel. Fleiri deildir búa sig undir að taka þær upp. Þykir því rétt að mæla hér svo fyrir um að námsnefndir skuli starfa við allar deildir og námsbrautir.

Um 16. gr.

Hugtakið háskólaár er hér skilgreint, svo að nú er munurinn á háskólaári og kennsluári skýr. Eru hugtökin notuð í samræmi við það annars staðar í tillögum þessum. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á tímamörkum kennsluársins og skiptingu þess í kennslumisseri. Stuðla breytingar þessar að því, að kennslumisserin verði álíka löng og kennsluárið í heild álíka langt í öllum deildum og námsbrautum háskólans. Háskólaráð getur þó ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir ef ástæða þykir til.

Um 17. gr.

Ástæðulaust þykir að leita samþykkis menntamálaráðherra um staðgengil þess, sem orlof fær samkvæmt greininni, enda er það almenna reglan, að stundakennarar séu ráðnir af deildum, sbr. 1. mgr. 11. gr. háskólalaga.

Um 18. gr.

Fyrri hluta ákvæðisins er úreltur, þar sem um þessi atriði er nú fjallað í kjara-samningum. Um síðari hluta þess má vísa til 12. og 13. gr. tillagna þessara.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að niður falli síðari hluti 1. mgr. 21. gr. gildandi laga, þar sem réttur til þess að verða skrásettur háskólaborgari er bundinn því skilyrði, að stúdent hafi ekki gerst sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist. Ekki er til þess vítað að á ákvæði þetta hafi reynt. Er það og næsta óljóst hvað við er átt.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi ákvæði 21. gr. háskólalaga, en orðalagið er lagfært.

Um 21. gr.

Lagt er til, að skrásetningargjöld megi ákveða án reglugerðarbreytingar hverju sinni. Þetta hefur litla efnisbreytingu í för með sér, þar sem samþykkt háskólaráðs og menntamálaráðherra þarf eftir sem áður. Ákvörðun verður þá ekki birt í Stjórnartíðindum.

Um 22. gr.

Felld er niður 1. mgr. gildandi ákvæðis svohljóðandi: „Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.“ Er bæði óljóst og tevgjanlegt hvað þar er við átt.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 2. mgr. gildandi ákvæðis að öðru leyti en því, að felldur er niður lokamálsliðurinn um háttsemi, sem ósamboðin er háskólaborgara.

Önnur málsgrein er efnislega samhljóða 3. mgr. núgildandi ákvæðis.

Þriðja málsgrein svarar til 4. og 5. mgr. núgildandi ákvæðis. Eina efnisbreytingin er sú, að skjóta má úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra í stað þess að kæra hann til Hæstaréttar. Eðlilegast þykir, að kæra fari eftir almennum reglum stjórnar-farsréttar um málskot til æðra stjórnvalds. Hins vegar gæti komið til venjulegrar dómstólameðferðar, ef stúdent teldi ákvörðun háskólaráðs eða menntamálaráðherra haldna einhverjum ógildis- eða ógildingarannmörkum.

Fjórtða málsgrein er samhljóða 6. mgr. núgildandi ákvæðis.

Um 23. gr.

Felld er niður 1. mgr. núgildandi ákvæðis um að dómara sé skylt að tilkynna rektor þegar réttarrannsókn er hafin gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög. Hefur ákvæðið í reynd verið óvirkt að mestu.

23. gr. kemur í stað 2. mgr. 25. gr. gildandi laga, en felur í sér allmikla breyt-ingu. Gert er ráð fyrir, að stúdent sé ekki fortakslaust rækur, heldur sé háskólaráði aðeins heimilt að víkja honum úr skóla. Ákvörðun um brottvikningu getur stúdent skotið til menntamálaráðherra, sbr. nánar 3. mgr. 22. gr. tillagnanna. Háskólaráði er heimilt að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn stendur yfir, og verður slíkri ákvörðun ekki haggð af æðra stjórnvaldi. Brot þau, sem hér um ræðir, eru einungis þau brot, sem hafa flekkun mannorðs í för með sér. Þ. e. ef brot er svívirðilegt að almenningsáliti, sökunautur hefur verið fullra 18 ára, er hann framdi brotið, og refsing er 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. 1. nr. 52/1959, sbr. 1. nr. 45/1961.

Um 24. gr.

Breytingar á þessu ákvæði leiðir af nýjum skrásetningarháttum, sem þegar eru komnir í framkvæmd að mestu leyti.

Um 25. gr.

Öllum stúdentum er veittur réttur til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar. Einnig er stúdentum veitt heimild til að óska eftir skípun prófdómara í einstöku prófi.

Um 26. gr.

Með þessari breytingu er fulltrúum stúdenta á deildarfundum fenginn atkvæðisréttur um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

Um 27. gr.

Felld er niður ákvæði um yfirumsjón háskólaráðs með Hapndrætti Háskóla Íslands, þar sem eftirlit með því er í höndum dómsmálaráðuneytisins og hapndrættisráðs skv. 1. nr. 13/1973.

Um 28. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en ýmsar ástæður liggja til þess, að slík heimild er háskólanum nauðsynleg.

Í fyrsta lagi hafa um skeið verið vandkvæði á því að fá nemendur í lyfjafræði lyfsala vistaða í hinum ýmsu lyfjabúðum, en slík námsvist er óhjákvæmilegur þáttur í menntun lyfjafræðinga. Hefur þurft að standa í samningabófi um þetta nokkur undanfarin ár. Þennan vanda mundi lyfjabúð í eigu háskólans leysa.

Í öðru lagi hefur að undanförunni verið rætt um þann möguleika, að upp verði tekin við Háskóla Íslands kennsla til kandidatsprófs í lyfjafræði lyfsala, enda hafa tilmæli um það borist frá ýmsum aðilum. Til kandidatsprófs þarf nú þriggja ára nám utanlands til viðbótar tveggja ára námi hér heima, en kandidatsprófið eitt veitir

réttindi til þess að reka lyfjabúð. Forsenda þess að slíkt nám megi taka upp hér, er að háskólinn eigi og reki lyfjabúð.

Í þriðja lagi mundi gefast kostur til verulegrar framleiðslu á lyfjum og þannig nýtast sérþekking, sem þegar er fyrir hendi innan háskólans.

Um 29. gr.

Breytingar á ákvæðinu stafa af breyttum aðstæðum. Skotið er inn nýrri setningu um skipun annarra bókavarda en háskólabókavarda. Ákvæði um sérþekkingu og kennslu í bókasafnsfræðum er óþarft.

Um 30. gr.

Óþarft þykir að binda fjölda prófessora í lögum, enda er slík tilhögun til þess fallin að tefja fyrir stofnun nýrra embættanna. Um atriði þau, er getur í 3. og 4. mgr., er eðlilegast, að til komi ákvörðun deildar í samráði við hlutaðeigandi prófessor. Prófessorsembættið í ættfræði var tímabundið og tengt við nafn. Þar sem prófessorinn hefur nú fengið lausn fyrir aldurs sakir, er lagt til, að 5. mgr. sé felld brott.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta á nú ekki lengur við, eftir að skipaður hefur verið prófessor í lyfjafræði lyfsala.

Um 32. gr.

Ákvæði þessi eiga ekki lengur við. Uppeldisfræði er nú ein af kennslugreinum félagsvísindadeildar og fellur inn í almenna námsskipan hennar. Í forspjallavísindum er nú enginn prófessor.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er óþarft.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.